

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 133/307

komudagur 24. 11. 2006

Alþingi samgöngunefnd
b.t. Ingvars Þórs Sigurðssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. nóvember 2006

0611024HA BLB
Tilv.:623

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um siglingavernd

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis dags. 15. nóvember sl. fékk Hafnasambandi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um siglingavernd 238. mál, EES reglur. Stjórn Hafnasambands Íslands hefur haft skamman tíma til að skoða efni frumvarpsins og áskilur sér því rétt til að senda ítarlegri umsögn ef ástæða er til, en hér að neðan eru þau helstu atriði sem stjórnin vill vekja athygli á:

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er ábyrgð Siglingastofnunar aukin (sbr. 4. gr. laganna) og skal stofnunin nú ábyrgjast gerð áhættumats vegna siglinga í íslenski efnahagslögsögu og gerð Siglingaverndaráætlunar fyrir Ísland. Það eru tilmæli til Siglingastofnunar Íslands að verkefnið verði unnið í samstarfi við hafnir landsins þannig að meiri hagkvæmni náist við gerð og endurskoðun á eigin áhættumati og verndaráætlunum.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um aðgang að hafnarsvæðum og heimild Siglingastofnunar til að takmarka aðgang og banna umgengni – eðlilegt er að slík takmörkun sé gerð í samráði og sátt við hafnaryfirvöld á hverjum stað.

Um 6. gr.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á III kafla – 6. gr. laganna en þar stendur í 1. mál. 1. mgr " *Tilnefna skal verndarfulltrúa fyrir hafnaraðstöðuna og skal Siglingastofnun Íslands staðfesta skipan hans.*" Það eru tilmæli hafnasambandsins að krafa um verndarfulltrúa taki mið af aðstæðum á hverjum stað en ekki að tilnefndur sé verndarfulltrúi sérstaklega fyrir sérhverja hafnaraðstöðu (sjá skilgreiningu á hafnaraðstöðu í lögumum) innan sömu hafnar. Eðlilegt er að verndarfulltrúi hafnarinnar á hverjum tíma sé verndarfulltrúi fyrir allar hafnaraðstöður hafnarinnar, nema þegar umfang starfsins krefst fleiri starfsmanna að mati hafnastjórnar. Í 6. gr. frumvarpsins er bent á að orðin löndun og að landa á við um afla fiskibáta, annars er talað um að setja vörur á land eða uppskipun. Í greininni kemur einnig fram að álagning farmverndargjalds sé ekki bundin við vöruútflytning og gerir Hafnasamband Íslands ekki athugasemd við þá framkvæmd fyrir sitt leyti.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Birgje L. Blöndal

Birgje L. Blöndal